

Formannafundur hjá UMSB haldinn á Hvanneyri 28. janúar 2014 í boði Umf. Íslendinga.

Mættir :

Sigurður Guðmundsson sambandsstjóri UMSB,
Kristín Gunnarsdóttir gjaldk. UMSB ,
Ásgeir Ásgeirsson varasambandsstj. UMSB
Aðalsteinn Símonarsson meðstj. UMSB,
Pálmi Blængsson framkvæmdastj. UMSB,
Unnur Sigurðardóttir Birni Hítðælakappa,
Sigurjón Helgason Birni Hítðælakappa,
Stefán I. Ólafsson Skotfélagi Vesturlands.
Þórdís Þórisdóttir Ungmennaf. Hvalfjarðarsv.
Kristinn Ó Sigmundsson Körfuknattleiksdeild Skallagríms,
Helga Svavarsdóttir Sunddeild Skallagríms,
Agnes Guðmundsdóttir Umf. Stafholtstungna,
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir Umf. Reykdæla,
Þorvaldur Ingi Árnason Umf. Dagrenningu,
Ingvi Árnason Golfkl. Borgarness,
Ulla R. Pedersen Umf. Íslendingi,
Snorri Þórðarson Golfkl. Glanna,
Einar Ole Pedersen Umf. Agli Skallagrímssyni,
Reynir Magnússon Hestamannafél Skugga,
Kolbeinn Magnússon Hestamannafél Faxe,
Guðrún Þórðardóttir Dansíþróttaf. Borgarfjarðar,
Sigríður Guðbjörg Bjarnad, Badmintondeild Skallagríms

1. Formenn félaganna segja frá starfi síns félags.
2. Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ kynnir stefnu og starf sitt við að aðstoða félög við að verða fyrirmyndarfélag. Stefnan er líka að héraðssamböndin geti verið fyrirmyndarsambönd. Æskilegt að UMSB marki stefnu í ýmsu sem félögin geti leitað í við vinnu sína vegna fyrirmyndarfélagsins. U.þ.b. 60 félög á landinu hafa fengið gæðavottun. Rætt um að viðurkenning til barna eftir mót eða íþróttaviðburði þurfa ekki að vera verðlaunapeningar allt eins sniðugt að það sé í formi gjafar, t.d. buff, kakómjólkurferna. Litlu félögin geta leitað sameiginlega til Viðars með aðstoð og fræðslu um þessa gæðavottun.
3. Búningamál UMSB. Pálmi kynnir nýja búninga frá Jako sem verða sameiginlegir utanyfirbúningar fyrir öll aðildarfélag UMSB. Tillaga stjórnar um nýja búninga UMSB samþykkt með öllum greiddum atkv.
4. Kynning á endurskoðuðum lögum UMSB frá „laganefnd“ sem skipuð var á síðasta þingi. Aðalsteinn Símonarson kynnir ný lög frá nefndinni. Einar Ole gerir ýmsar aths. og saknar t.d. lagadómstóls. Aðalsteinn vill fá athugasemdir skriflega svo hægt verði að taka tillit til þeirra við vinnuna við að endurskoða lögin og segir hann einnig frá ýmsum reglugerðum sem til eru og vill nefndin afleggja þær þar sem ekki er unnið eftir þeim.
5. Framtíðaruppbygging og endurbætur íþróttamannvirkja. Pálmi kynnir skjalið sem unnið var uppúr tillögum aðildarfélaganna. Það skiptist annarsvegar í 4 ára áætlun og hinsvegar 10 ára áætlun en sumt var flokkað sem viðhald en ekki uppbygging og aðeins spurning hvað telst til íþróttamannvirkja sveitarfélagsins og hvað félögin eiga sjálf t.d. bolta og blaknet. Hestamenn minntust á að æskilegt væri að tímatökubúnaður á hlaupabrautir á Skallagrímssvelli væri nýtilegur fyrir þá líka. Þeir fundu líka

lausn á landleysi Faxa, þannig að Borgarbyggð keypti land og eignir Skugga og gæfi Faxa helming. Engin formleg tillaga kom fram frá þeim. Ábending kom um að bæta í haus skjalsins að óskað hefði verið eftir tillögum aðildarfélaga UMSB og þær hefðu svo verið teknar saman í þetta skjal sem skilað verður inn til Borgarbyggðar.

6. Önnur mál .

- a. Aðalsteinn kom með tillögu að ályktun til Byggðarráðs Borgarbyggðar vegna lokunar á innisundlaug og þreksal. Hún var samþykkt með lófataki.
- b. Pálmi kynnti drög að samningi við KPMG vegna reikningsskila félaganna.
- c. Heimasíðan er að verða tilbúin.
- d. Stefnumótunarfundur UMFÍ verður í hjálmakletti 30. janúar vegna landsmótanna, Pálmi hvetur fólk að mæta þar.
- e. Pálmi minnr á starfsskýrslurnar sem félögin þurfa að standa skil á, en það er; skýrsla/samantekt yfir starfið og reikningarnir sem þarf að skila til UMSB fyrir 1. febrúar, og svo er það starfsskýrslan í Felix sem þarf að skila inn fyrir 15. apríl.
- f. Afreksmannasjóður UMSB, í hann þarf að sækja fyrir 1. mars.
- g. Breyta þarf afhendingu á íþróttamannskjörinu og færa það fram í des eða á þrettándanum. Reyna að gera kosninguna rafrænt. Rætt um að breyta þessu á næsta þingi.

Kristín Gunnarsd. ritaði fundargerð.

Fylgiskjal 1

Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

Tillaga laganefndar janúar 2014 síða 1

I. Kafli: Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvítri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpenna og laxi.

3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

5. grein

Rétt til þátttöku í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög, sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSÍ.

6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagaskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar en þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings.

7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

II. Kafli: Um aðildarfélög

8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfelld má stjórn UMSB gera tillögu til

sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

Tillaga laganefndar janúar 2014 síða 2

9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

III. Kafli: Um sambandsþing

11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt, sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukapings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undanfarin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðsla nema um lagabreytingu sé að ræða.

13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning

Kosning þingforseta og ritara

Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar og reikningar

Álit kjörbréfanefndar

Kosning starfsnefnda þingsins

Inntaka nýrra aðildafélaga

Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga

Ávörp gesta

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Þinghlé – nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Kosning stjórnar

Kosning á íþróttþing ÍSÍ

Önnur mál

Þinggerð - þingslit

Uppstillingarnefnd er skipuð af stjórn sambandsins og gerir tillögu um stjórnarkjör.

Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

Tillaga laganefndar janúar 2014 síða 3

IV. Kafli: Um stjórn

14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, ritari, gjaldkeri, og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra, en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar, er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað, geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarféлага sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana, sem lög og þing samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé, er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarféлага og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda, þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað, geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum skulu hafa: Stjórn sambandsins og fulltrúar féлага, en nefndarmenn aðeins ef um sér málefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

17. grein

Rísi ágreiningur um lög og reglur sambandsins, útskurðar stjórnin um það, en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

V. Kafli: Önnur ákvæði

18. grein

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa á lögsmætu sambandsþingi.

19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í einn sjóð sem verði í vörslu UMFÍ, en þó ávaxtaður í fjármálastofnun á sambandssvæðinu. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa 2/3 ársávöxtunar til íþróttá- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

Tillaga laganefndar janúar 2014 síða 4

20. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.

Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB

1. Forsendur skiptingar á milli féлага

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

2. Skipting Lottótekna

- a) x % í Afreksmannasjóð UMSB
- b) y % til UMSB
- c) z % til aðildarféлага UMSB

3. Skipting lottótekna skv. c-lið 1. greinar milli aðildarféлага og deilda

- a) 10 % jafnt á milli allra aðildarféлага
- b) 10 % eftir fjölda mættra fulltrúa á þing UMSB
- c) 80 % eftir fjölda féлага.

4. Skerðingar

Sendi félag ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðist úthlutunarfé þess félags um 25 % við næstu úthlutun, en hefur ekki áhrif á úthlutanir eftir það. Skerðingar samkvæmt þessari grein renna til UMSB.

5. Úthlutun lottótekna

Tveir úthlutunardagar eru á hverju ári; 1. ágúst og 1. febrúar. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun en UMSB skal þó halda þeim vöxtum sem safnast hafa á lottófé milli úthlutunardaga.

Fylgiskjal 2

Uppbygging íþróttamannvirkja í Borgarbyggð

Við viljum eiga í sveitarfélaginu íþróttamannvirki sem nýtast vel og við getum verið stolt af. Við viljum geta stundað okkar íþróttir við bestu mögulegu aðstæður hverju sinni og það er ljóst að ákveðin uppbygging þarf að eiga sér stað á íþróttamannvirkjum Borgarbyggðar til þess að við getum sagst eiga íþróttamannvirki í „toppklassa“ á landsvísu. Vissulega eigum við eitt besta frjálsíþróttasvæði landsins (amk. á landsbyggðinni) en við stundum fleiri íþróttagreinar í Borgarbyggð og það er þessvegna sem við þurfum að fara í uppbyggingu fyrir framtíðariðkendur og þar ættum við að stefna að því að eiga amk. eitt mannvirki í sveitarfélaginu í hverri íþróttagrein sem við stundum í Borgarbyggð sem við getum flokkað í „toppklassa“ á landsvísu. Hagkvæmast er að miða við að byggja upp það svæði sem lengst er komið í hverri grein og þannig má sem dæmi nefna; Golfvöllinn að Hamri fyrir golfara í Borgarbyggð, félagssvæði Skugga fyrir hestamenn, Skallagrímsvöll fyrir frjálsar og fótbolta og íþróttahúsið í Borgarnesi fyrir innanhúsiþróttir en rétt er að áætla að minnsti kostnaður og tími fari í að koma þessum mannvirkjum í „toppklassa“ í sinni íþróttagrein. Þessi mannvirki ættum við að byggja upp í náinni framtíð og setja á 10 ára áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarbyggð.

Íþróttamannvirkin í Borgarbyggð eru dreifð víða um sveitarfélagið sem er mjög gott, að vísu eru þau mannvirki í misgóðu ástandi og flest ekki í þeirri stærð sem við hefðum helst viljað. En engu að síður eru þau til staðar og nauðsynlegt að halda þeim vel við og gera þannig úr garði að vel boðlegt sé að stunda íþróttir þar þangað til möguleiki er að taka þessi mannvirki til gagnerrar endurskoðunar og jafnvel endurbyggingar ef svo ber undir. En á meðan uppbygging á sér stað á þeim mannvirkjum sem við stefnum á að flokka sem „toppklassa“ þá leggjum við til nauðsynlegt viðhald og endurbætur á öðrum íþróttamannvirkjum Borgarbyggðar með áætlun um uppbyggingu og viðhald á þeim til næstu 4 ára.

Við gerð þessarar áætlunar voru aðildarfélög UMSB beðin um að skila inn sínum óskum um uppbyggingu og endurbætur íþróttamannvirkja á sínu starfssvæði. Þetta er samantekt á tillögum þeirra sem samþykkt var að skila til Borgarbyggðar á formannafundi 28.janúar 2014.

4 ára áætlun:

Þetta er uppbygging og endurbætur sem nauðsynlegar eru svo svæðin séu vel nothæf fyrir þær greinar sem ætlaðar eru á hverju svæði fyrir sig.

- 1. Varanleg aðstaða/húsnæði fyrir leikdeild Skallagríms fyrir félagsaðstöðu og leikmunageymslu.**
 - o *Leikdeild Umf. Skallagríms þarf sem allra fyrst húsnæði sem nýtist fyrir félagsaðstöðu og geymslu fyrir leikmuni og -búninga. Leikdeildin hefur sóst eftir húsnæði í Sláturhúsi í Brákarey hjá Borgarbyggð því núverandi húsnæði Leikdeildarinnar er á leið í sölumeðferð hjá Borgarbyggð.*

- 2. Tímatökubúnaður á hlaupabrautir á Skallagrímsvelli. (Skoða möguleika á samnýtingu búnaðarins með hestamönnum á skeiðvöllum)**
 - o *Nauðsynlegt er að koma upp tímatökubúnaði á hlaupabrautir vallarins. Við erum með frábæran völl en tímatökubúnaður á brautirnar er jafn nauðsynlegur fyrir mótahald í frjálsum íþróttum á vellinum, eins og klukka í íþróttahúsi fyrir knattleiki.*
 - o *Hestamenn eru í sömu sporum og frjálsíþróttafólk varðandi tímatökubúnað þannig að samnýting á þessum búnaði væri mikil hagræðing fyrir báðaaðila.*

- 3. Koma upp áhaldageymslu fyrir bolta og frjálsíþróttatæki og tól á Sverrisvelli .**
 - o *Hér er verið að tala um lítinn skúr/kofa sem þar sem hægt er að geyma m.a. bolta, keilur og þann búnað sem þjálfarar nota við skipulagðar æfingar á svæðinu.*

- 4. Uppbygging frjálsíþróttaaðstöðu á vallarsvæðinu á Varmalandi.**
 - o *Lagfæring á grasvelli á Varmalandi svo hann sé boðlegur til hlaupa og knattspyrnu. Þ.e. slétta völlinn og í leiðinni væri ekki mikið mál að koma upp bættri aðstöðu til stökka og hlaupa við enda vallar og meðfram honum. Langstökksgryfjan og langstökksp plankinn eru niðurgrafin og vantar sand*

- 5. Byggja upp gervigrasvöll við Kleppjárnsreyki.**
 - o *Við Kleppjárnsreyki er stór knattspyrnavöllur sem oftast er ekki er þó illfær vegna snjóá, þurrka eða bleytu. Mikill áhugi er á fótbolta hjá nemendum skólans sem koma af stóru svæði og hafa fótboltaæfingar verið hluti af okkar íþróttameningu. Nauðsynlegt er að bæta aðstöðu til knattspyrnuíðkunnar á heilsársgrundvelli.*

- 6. Endurbætur á íþróttasvæði við Sverrisvöll á Hvanneyri.**
 - o *Ungmennafélagið Íslendingur stendur fyrir fótboltaæfingum, leikjanámskeiðum og frjálsíþróttæfingum eftir því sem aðstaðan leyfir. Ýmisleg mót eru haldin á vellinum eins og Sverrismót í fótbolta og Ármót í frjálsum íþróttum. Þá er hann nýttur af íbúum á Hvanneyri til almennrar knattspyrnuíðkunnar og útiveru. Sandgryfja og kúluvarpshringur er við völlinn og eru í sæmilegu ástandi en hlaupabrautin er ónýt og völlurinn ósléttur.*

- 7. Fá úthlutað svæði og byrja uppbyggingu á skotsvæði/bogfimisvæði.**
 - o *Vinsældir skotveiða eru að aukast og væri uppbygging á aðstöðu til skotæfinga og bogfimi því góð viðbót við þær greinar sem nú eru í boði og myndi þjóna hópi manna sem ekki eru nú þegar að æfa hina hefðbundnu íþróttir, auka þannig breidd þeirra sem æfa íþróttir á svæðinu. Skotfélag hefur nú verið stofnað innan UMSB sem stefnir að skipulögðu æfinga og keppnisstarfi þegar svæði fæst og uppbygging kemst af stað.*

10 ára áætlun:

Þetta er framtíðaruppbygging sem miðar að því að innan 10 ára munum við eiga eitt íþróttasvæði í háklasa á landsvísu fyrir hverja íþróttagrein sem stunduð er í sveitarfélaginu, t.d. einn topp golfvöll, eitt topp svæði fyrir hestamenn, einn topp frjálsíþróttavöll, eitt topp íþróttahús, eina topp sundlaug o.s.frv. ásamt því að halda áfram uppbyggingu á öðrum svæðum sem eru víða í sveitarfélaginu.

1. Fjölnota íþróttahús/knattspyrnuhöll með aðstöðu fyrir frjálsar með hlaupabraut og aðstöðu fyrir m.a. lang- og há- stökk.

- o *Vetraraðstaða knattspyrnumanna í Borgarbyggð hefur dregist mjög aftur úr sambærilegum sveitarfélögum. Flest sveitarfélög (svipað stór og Borgarbyggð) sem tefla fram yngri flokkum í knattspyrnu hafa yfir amk. gervigrasvelli í fullri stærð eða knattspyrnuhúsi að ráða og geta þar af leiðandi boðið knattspyrnumönnum sínum upp á að æfa og keppa á heimavelli við góðar aðstæður á heilsársgrundvelli. Frjálsíþróttafólkið okkar þarf að geta æft sína íþrótt allt árið við boðlegar aðstæður til þess að vera samkeppnishæft á lands og heimsvísu og þar að auki getur svona hús nýst öllum sem eru vilja því það geta allir æft þrek og þol í svona húsi og það allan ársins hring.*

2. Nýr salur í íþróttahús, viðbygging við núverandi sal í Borgarnesi, með skrifstofu og fundar- og félags-aðstöðu fyrir íþróttafélögin.

- o *Íþróttahúsið er umsetið af nokkrum félögum/deildum og mismunandi íþróttagreinum, en lyklatríði er að geta boðið öllum iðkendum uppá viðunandi tímasetningar fyrir sínar æfingar. Því er mikilvægt að byggja við íþróttahúsið þannig að hægt sé að hafa amk. tvo hópa í einu í húsinu og bjóða þannig öllum aldurshópum tíma sem hentar þeim. Salurinn mætti vera stærri svo þar rúmist löglegur handknattleiksvöllur, en kannanir hafa sýnt að töluverður áhugi er hjá ungmönnum í Borgarbyggð á því að æfa handbolta. Samhliða því að stækka íþróttasalinn væri sterkur leikur að útbúa félagsaðstöðu/vallarhús vegna þeirra félagslegu áhrifa sem það hefur. Í slíku húsi þyrfti að vera búningaástaða og skrifstofurými, eitthvað sem gæti nýst UMSB, aðildarfélagunum og deildum þeirra. Einnig samkomusalur sem hægt væri að leigja út eða nota fyrir félagsstarf innan UMSB. Flest félög hafa yfir slíku húsi að ráða og það er samróma álit þeirra sem slíkt hús hafa að það bætir mjög andann og samheldnina í félaginu.*

3. Gervigrasvöllur í fullri stærð á Skallagrímssvelli.

- *Við viljum fá gervigrasvöll á æfingasvæðið við Skallagrímsvöll, þetta er nauðsynlegt til að hægt sé að æfa knattspyrnu við boðlegar aðstæður nokkurnveginn allt árið. Þetta er „plan B“ á eftir lið 1-Fjölnotaíþróttahús/knattspyrnuhöll.*

4. Fá lóð undir svæði til iðkunar hestaíþróttar og hefja uppbyggingu (fyrir hestamannaf. Faxe).

- *Félagssvæði Faxe var á leigulóð í eigu Ferjukots sem kölluð var Faxaborg. Síðustu 10 ár hefur Faxi haft aðstöðu á Mið-Fossum en sá samningur er nú að renna út*

5. Uppbygging á frjálsíþróttaaðstöðu á Kleppjárnsreykjum.

- *Áður voru frjálsíþróttir mikið stundar í Reykholtssdalnum en það hefur minkað mikið síðustu ár. Meðal annars má rekja það til lélegrar aðstöðu til iðkunnar frjálsíþróttar. Á sama svæði og fótboltavöllurinn er (þó ekki á fótboltavellinum) væri auðvelt að gera aðstöðu fyrir helstu greinar frjálsra íþróttar og mikilvægt að byggja upp aðstöðu.*

6. Byggja upp gervigrasvöll á Varmalandi.

- *Mikil knattspyrnuíðkun er á svæðinu bæði á skólatíma og á sumrin. Aðstaðan sem er til staðar er léleg. Forarblautur völlur og ónýt mörk. Myndi bæta alla aðstöðu til muna að fá knattspyrnuhöll.*

7. Þarf að bæta innanhúsaðstöðu á Hvanneyri.

- *Félagar í Umf. Íslendingi hafa aðgang að íþróttahúsi Landbúnaðarháskóla Íslands. Húsið er byggt árið 1911 og er 185 m² (7*26m). Lítil körfuboltavöllur er í húsinu, en það uppfyllir ekki allar kröfur til íþróttaiðkunnar. Ungmennafélagið Íslendingur notar aðstöðuna til ýmissa æfinga, bæði fullorðna og barna. Þar sem húsið er gamalt þá er ýmislegt sem þarf að lagfæra. Þess má geta þá er engin baðaðstaða í húsinu.*

8. Stækka íþróttahúsið á Kleppjárnsreykjum.

- *Til að styrkja enn frekar íþróttamenningu uppsveitanna er mikilvægt að koma því á langtímaáætlun að stækka íþróttahúsið við Kleppjárnsreyki svo hægt sé að spila á löglegum körfuboltavelli og blakvelli í það minnsta.*

9. Útbúa strandblakvöll á Kleppjárnsreykjum.

- *Hvannir æfa blak í íþróttahúsinu við Kleppjárnsreyki og strandblakvöllur gæti gefið aukna möguleika á æfingum. Einnig myndi völlurinn nýtast til kennslu, fyrir leikjaskóla, íþróttaskólann og sem til leikja í frímínútum hjá nemendum grunnskólans.*

Viðhald íþróttamannvirkja í Borgarbyggð

Greinargerð:

Öll aðildarfélög UMSB skiluðu inn sínum hugmyndum um endurbætur og uppbyggingu á íþróttamannvirkjum á sínu starfssvæði. Þegar tillögur þeirra voru skoðaðar kom í ljós að margt af því sem tekið var fyrir snýr að eðlilegu og reglubundnu viðhaldi en telst ekki vera endurbætur eða uppbygging. Meðfylgjandi eru þau atriði sem við teljum vera eðlilegt viðhald sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi og ætti að hafa algjöran forgang svo þau mannvirki sem um ræðir séu nothæf og liggi ekki undir frekari skemmdum sökum vanrækslu.

- ✓ Viðhald á vallarsvæðinu á Varmalandi, slétta fótboltavöll og laga aðstöðu fyrir stökk og hlaup við enda og/eða meðfram fótboltavelli, laga fótboltamörk og merkingar á fótboltavelli, laga strandblaksvöll.
- ✓ Viðhald á Skallagrímsvelli, ekkert sérstakt bara margt sem setið hefur á hakanum lengi.
- ✓ Vantar ýmis tæki og tól fyrir frjalsar á Skallagrímsvöll; kúlur, dýnur, net fyrir kringlukast o.fl.
- ✓ Bæta aðstöðu í kjallara Hjálmakletts fyrir iðkendur sem nýta sér salina t.d. snagar og fatahengi, fatalefa (skilrúm) hljómflutningstæki í báða salina, læstar hirslur fyrir félög til að geyma sitt dót, vatnshana, húsgögn (sófa, borð og hillur í milliherbergi), netsamband, sími fyrir neyðartilvik og spurning um salernisaðstöðu.
- ✓ Laga sundlaugardúk í Varmalandslaug og bakkana í lauginni, pússning laus og dúkurinn götóttur. Einnig er kominn tími á hefðbundið viðhald í klefunum, laga gólf og mála vegg.
- ✓ Laga timburverk í kringum sundlaugina á Varmalandi, það er orðið fúíð og er um 6 metra fallhæð þar sem hæst er.
- ✓ Laga blaknet og badminton net og kaupa körfubolta nr. 5 og 7 í íþróttahúsið á Kleppjárnsreykjum.
- ✓ Vantar ný blöndunartæki og sturtuhausá í klefana við íþróttahúsið á Kleppjárnsreykjum, blöndunartækin eru mjög léleg og sturtuhausarnir fullir af kísil.
- ✓ Bæta aðstöðu við sundlaugina á Kleppjárnsreykjum, gufubaðið bilaði og var þá nýtt sem ruslageymsla frekar en að gera við það og það sama má segja um heitu pottana sem voru þrír en tveir hafa bilað, annar var tekinn og hinum var lokað þannig að einn stendur eftir.



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR
STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fylgiskjal 3

Borgarnesi. 29. Janúar 2014

Byggðarráð Borgarbyggðar
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

Efni: Framkvæmdir í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi

Formannafundur UMSB, haldinn á Hvanneyri 28. janúar 2014, fagnar bættri aðstöðu í þreksal íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi. Jafnframt lýsir fundurinn furðu sinni á tímasetningu endurbóta á þreksal.

Innlaugin hefur verið lokuð í u.þ.b 14 vikur á kaldasta tíma ársins og til stendur að loka þreksalnum í amk. 4 vikur yfir há vetur þegar ætla má að aðsókn í hann sé hvað mest.

Eðlilegra hefði verið að farið væri í þessar framkvæmdir að sumarlagi þegar frekar má nýta útiaðstöðu.

Benda má á að iðkendum í sundi hefur frá í október fækkað um rúmlega 50%, mest í yngsta aldurshópnum. Má klárlega rekja þá fækkun að miklu leyti til skorts á aðstöðu.

Þessu er hér með komið til skila.

Pálmi Blængsson
Framkvæmdastjóri UMSB